

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 21

við Stjórnartíðindi EB

7. árgangur

11.5.2000

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

2000/EES/21/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn 1

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja 7

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 476/97 frá 13. mars 1997 um breytingu, með tilliti til hagskýrslusvæðis, á reglugerð (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins 32

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97 frá 20. maí 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess 33

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur bandalagsins 40

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 23/97 frá 20. desember 1996 um tölfræðilegar upplýsingar um stig og samsetningu launakostnaðar 46

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/157/EB, KBE frá 12. febrúar 1997 um hvernig fara skuli með tekjur fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu vegna framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði 51

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs 52

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs 60

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu 87

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB, KBE frá 10. febrúar 1997 um að ákveða aðferðir fyrir skiptin milli evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu (EPK 95) og evrópska þjóðhagsreikningakerfisins 91

	Tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða	129
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB frá 18. desember 1996 um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða	132
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2467/96 frá 17. desember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 571/88 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða	158
2000/EES/21/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	162
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 374/98 frá 12. febrúar 1998 um breytingu á 6. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins	164
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97 frá 21. nóvember 1997 um landflokkan í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess	165
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri visitölu neysluverðs ..	171
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2000/EES/21/03	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/99/COL frá 4. júní 1999 um nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn og um sautjándu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“	173
2000/EES/21/04	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum (aðstoð nr. 99-008/Noregur og 00/001/Noregur)	193
	3. EFTA-dómstóllinn	
2000/EES/21/05	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt fyrirætlun hans frá 13. janúar 2000 í málinu Lánasýsla ríkisins gegn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. - (mál E-1/00)	194
2000/EES/21/06	Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett (borgardómur Óslóar) frá 22. febrúar 2000 í máli Allied Colloids, o.fl. gegn norska ríkinu, en í fyrirsvari er ráðuneyti sveitarstjórna og byggðaþróunar - (mál E-2/00)	194
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
	3. Dómstóllinn	

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/16/EB

frá 19. mars 1996

um tölfraeðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitu Evrópuþingsins (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun ráðsins 72/280/EBE frá 31. júlí 1972 um skýrslugerð vegna framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða (3) hefur verið breytt nokkrum sinnum. Vegna nýrra breytinga er ástæða til að endurorða ákvæði tilskipunarinnar svo að hún verði gagnsærri.

Til að rækja skyldustörf sín samkvæmt sáttmálanum og ákvæðum bandalagsins varðandi sameiginlegt markaðsskipulag fyrir mjólk og mjólkurafurðir þarf framkvæmdastjórnin áreiðanlegar upplýsingar um mjólkurframleiðslu og -nýtingu og áreiðanlegar skammtímaupplýsingar með vissu millibili um afgreiðslu mjólkur til fyrirtækja sem meðhöndla eða vinna mjólk og um framleiðslu mjólkurafurða í aðildarríkjunum.

Kannanir á framleiðslu og nýtingu mjólkur á býlum ættu að fara fram samkvæmt samræmdum viðmiðunum og vera nákvæmari en áður og mánaðarlegar kannanir ætti að gera í öllum aðildarríkjum í fyrirtækjum þar sem mjólkurvinnsla fer fram.

Til að sambærilegar niðurstöður fái ætti að setja samræmdar viðmiðanir um umfang könnunar, hvaða atriði ber að skrá og hvernig framkvæmdinni skuli háttað.

Reynslan, sem hefur fengist af beitingu reglnanna hingað til, hefur sýnt að gagnlegt gæti verið að einfalda ákvæðin, einkum að fella niður kröfuna um að láta í té vikulegar niðurstöður.

Í ljósi vaxandi mikilvægis mjólkurprótíninnihalds í mjólkurafurðum verður að gera viðeigandi ráðstafanir.

Til að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar er rétt að hinu nána samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar verði haldið áfram, einkum í fastanefndinni um landbúnaðarskýrslur sem var komið á fót með ákvörðun 72/279/EBE (4).

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr:

Aðildarríkin:

1. skulu gera kannanir hjá könnunareiningunum, sem eru tilgreindar í 2. gr., á þeim gögnum sem eru tilgreind í 4. gr. og senda framkvæmdastjórninni niðurstöður fyrir hvern mánuð, ár og hvert þriggja ára tímabil;
2. skulu gera árlegar kannanir á framleiðslu mjólkur og nýtingu hennar á býlum eins og skilgreint er samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 7. gr.;
3. mega nota gögn úr öðrum opinberum heimildum, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

2. gr:

Kannanirnar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu ná til:

1. fyrirtækja eða býla sem kaupa nýmjólk, eða í vissum tilvikum mjólkurafurðir, annaðhvort beint af býlum eða af fyrirtækjunum, sem um getur í 2. tölul., með það fyrir augum að breyta þeim í mjólkurafurðir;
2. fyrirtækja sem taka á móti mjólk eða rjóma til að flytja að öllu leyti eða að hluta í óbreyttu ástandi til fyrirtækjanna sem um getur í 1. tölul.

Aðildarríki skulu, eftir því sem unnt er, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tvítalningu niðurstaðna.

3. gr:

1. Í tilskipun þessari merkir „mjólk“ kúa-, sauða-, geita- og vísundamjólk. Mánaðarlegar kannanir, sem kveðið er á um í a-lið

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 78, 28.3.1996, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 321, 1. 12. 1995, bls. 6.

(2) Stjtið. EB nr. C 32, 5. 2. 1996.

(3) Stjtið. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(4) Stjtið. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 1.

1. mgr. 4. gr., skulu eingöngu ná til kúamjólkur og afurða sem framleiddar eru úr kúamjólki eingöngu.

2. Skrá yfir mjólkurafurðir, sem kannanirnar ná til, skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr. Skránni má breyta samkvæmt sömu málsmeðferð.

3. Staðlaðar skilgreiningar, sem á að nota til að koma niðurstöðum um hinar ýmsu afurðir á framfæri, skulu samdar samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr.

4. gr.

1. Kannanirnar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., verða að minnsta kosti að taka til upplýsinganna sem um getur í a-, b- og c-lið hér á eftir.

Spurningalistarnir verða að vera teknir saman þannig að ekki sé hætt á tvítalningu.

Upplýsingar skulu tengjast eftirtöldum atriðum:

a) mánaðarlega:

- i) magni og fituinnihaldi innlagðrar mjólkur og rjóma auk prótínnihalds innlagðrar kúamjólkur;
- ii) magni unninna nýmjólkurafurða, tilbúinna til afgreiðslu og annarra tiltekinna unninna mjólkurafurða;

b) árlega:

- i) magni, fituinnihaldi og prótínnihaldi mjólkur og rjóma sem til er;
- ii) magni unninna nýmjólkurafurða, tilbúinna til afgreiðslu, og annarra unninna mjólkurafurða sem sundurliðaðar eru eftir tegundum;
- iii) notkun hráefna í formi nýmjólkur og undanrennu og fitumagni sem notað er við vinnslu mjólkurafurða;

c) þriðja hvert ár (frá 31. desember 1997):

fjöldi könnunareininga sem um getur í 2. gr. og eru sundurliðaðar eftir stærð.

2. Með það í huga að kanna innan þriggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar hvort hægt sé að útvíkka árlegu tölfræðilegu upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, þannig að þær taki til prótínnihalds helstu mjólkurafurða skulu aðildarríkin á því tímabili framkvæma forkannanir eða rannsóknir þar að lútandi. Framkvæmdastjórnin skal semja vinnuáætlun fyrir hvert þessara þriggja ára í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

Aðildarríkin skulu árlega leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framkvæmd þessarar áætlunar, auk tölulegra gagna sem fyrir hendi eru og nauðsynlegra upplýsinga til að lesa úr þeim.

5. gr.

1. Með fyrirvara um aðra undirgrein skulu kannanirnar, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., vera tæmandi þegar um er að ræða mjólkurbú sem eru skráð fyrir minnst 95% innlagðrar kúamjólkur í viðkomandi aðildarríki og skal eftirstandandi magn metið á grundvelli dæmigerðra úrtakskannana eða annarra heimilda.

Aðildarríkin geta gert mánaðarlegu kannanirnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., með úrtakskönnunum. Í því tilviki mega úrtaksvillur ekki nema meira en 1% af heildarinnlögn í ríkinu (miðað við 68% öryggisbil).

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fá tæmandi og nógu nákvæmar niðurstöður. Þau skulu senda áfram til framkvæmdastjórnarinnar, í formi aðferðaskýrslu, allar upplýsingar sem hægt er að nota til að meta nákvæmni þeirra niðurstaðna sem afhentar hafa verið, einkum um:

- a) spurningalistana sem hafa verið notaðir;
- b) varúðarráðstafanir sem hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir tvítalningu;
- c) aðferðirnar sem hafa verið notaðar til að yfirfæra gögnin, sem er aflað með spurningalistunum, í töflur bandalagsins.

Einu sinni á ári skal viðeigandi starfshópur á vegum fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur kanna aðferðaskýrslurnar, hversu aðgengileg og áreiðanleg gögnin eru og annað sem máli skiptir við framkvæmd þessarar tilskipunar. Fyrsta aðferðaskýrslan skal send framkvæmdastjórninni í síðasta lagi í lok næsta árs eftir gildistöku þessarar tilskipunar.

6. gr.

1. Töflur með skilagögnum skal gera í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

Töflunum má breyta samkvæmt sömu málsmeðferð.

2. Aðildarríkin skulu afhenda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðurnar, sem um getur í 3. mgr., ásamt gögnum sem teljast til trúnaðargagna samkvæmt landslögum eða reglum sem gilda um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ⁽¹⁾.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni eins skjótt og kostur er eftir samantekt niðurstaðna og í síðasta lagi:

(¹) Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

- a) fjórutíu og fimm dögum eftir lok skýrslumánaðar, mánaðarlegu niðurstöðunnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr.;
- b) í júní árið eftir skýrsluárið:
- ársniðurstöðunnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr.;
 - framkvæmdarskýrsluna sem um getur í 2. mgr. 4. gr.;
- c) í september árið eftir skýrsludaginn, niðurstöðunnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og c-lið 1. mgr. 4. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal bera saman upplýsingarnar sem berast frá aðildarríkjunum og kynna þeim heildarniðurstöðunnar.

7. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri, sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber formanni fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur (hér á eftir kölluð „nefndin“) að visa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

8. gr.

Eigi síðar en 1. júlí 1999 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið skýrslu um þá reynslu sem hefur fengist af framkvæmd þessarar tilskipunar. Á sama tíma skal hún einkum leggja fram niðurstöður úr könnuninni, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., ásamt, eftir atvikum, tillögum um endanlegt tímabil.

9. gr.

1. Tilskipun 72/280/EBE falli hér með úr gildi frá og með 1. janúar 1997.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina 72/280/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

W. LUCHETTI

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. desember 1996

um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfraðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða(*)

(97/80/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/16/EB frá 19. mars 1996 um tölfraðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í kjölfar þess að tilskipun 96/16/EB hefur komið í stað tilskipunar 72/280/EBE er rétt að gera hliðstæða breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE frá 18. október 1972 um framkvæmdarákvæði hvað varðar skýrslugerð vegna framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 86/180/EBE⁽³⁾, til að tryggja samfellda þróun hagskýrslna í samræmi við ríkjandi efnahagsaðstæður.

Reynslan af beitingu ákvörðunar 72/356/EBE hefur sýnt að nauðsynlegt er að gefa ítarlegri skýringar við afurðirnar og töflurnar.

Með aukna samþættingu hagskýrslna bandalagsins í huga er tímabært að taka upp fulla samræmingu við Vöruskrá EB sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í bandalaginu⁽⁴⁾.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr:

Í I. viðauka við þessa ákvörðun er skrá yfir mjólkurafurðir sem kannanirnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 96/16/EB, ná til.

2. gr:

Sýnishorn af töflunum sem nota ber til að afhenda gögnin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/16/EB, er að finna í II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr:

Í III. viðauka við þessa ákvörðun er mælt fyrir um vinnuáætlunina sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 96/16/EB.

4. gr:

Ákvörðun 72/356/EBE er hér með felld úr gildi frá 1. janúar 1997.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

5. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 78, 28.3.1996, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(²) Stjtið. EB nr. C 347, 18. 11. 1996.

(¹) Stjtið. EB nr. L 78, 28. 3. 1996, bls. 27.

(²) Stjtið. EB nr. L 246, 30. 10. 1972, bls. 1.

(³) Stjtið. EB nr. L 138, 24. 5. 1986, bls. 49.

(⁴) Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1991, bls. 1.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR MJÓLKURAFURÐIR

Númer afurðar	Lýsing
1	Nýjar afurðir
11	Neyslumjólk
111	Hrámjólk
112	Nýmjólk
1121	gerilsneydd
1122	dauðhreinsuð
1123	háhituð
113	Léttmjólk
1131	gerilsneydd
1132	dauðhreinsuð
1133	háhituð (þ.e. leifturhituð)
114	Undanrenna
1141	gerilsneydd
1142	dauðhreinsuð
1143	háhituð
12	Áfir
13	Rjómi
	fituinnihald miðað við þyngd
131	að 29%
132	yfir 29%
14	Sýrð mjólk (jógúrt, drykkjarjógúrt og annað)
141	Með akefnum
142	Án akefna
15	Mjólkurdrykkir
16	Aðrar mjólkurafurðir (mjólkurhlaup og annað)
2	Unnar afurðir
21	Kjörnuð mjólk
211	Án sætuefna
212	Með sætuefnum
22	Mjólkurafurðir sem duft
221	Rjómaduft
222	Nýmjólkurduft
223	Léttmjólkurduft
224	Undanrennuduft
225	Áfaduft
226	Aðrar afurðir sem duft
23	Smjör og annað viðbit
231	Smjör
232	Brætt smjör og smjörolía
233	Annað viðbit
24	Ostur
241	Ostur flokkaður eftir mjólkurtegundum:
2411	Ostur úr kúamjólkingöngu
2412	Ostur úr sauðamjólkingöngu
2413	Ostur úr geitamjólkingöngu
2414	Aðrir ostar (blandaðir eða úr víundamjólkingöngu)

Númer afurðar	Lýsing
242	Ostur (allar mjólkurtegundir) flokkaður sem:
2421	Mjúkur ostur
2422	Meðalmjúkur ostur
2423	Meðalharður ostur
2424	Harður ostur
2425	Mjög harður ostur
2426	Ferskostur
25	Bræddur ostur
26	Kasín og kasínöt
27	Mysa, samtals
271	Fljótandi mysa
272	Mysuþykkni
273	Mysa í formi dufts eða blokkar
274	Laktósi (mjólkursykur)
275	Laktalbúmin (mjólkurhvíta)
28	Aðrar unnar afurðir

SKÝRINGAR

NEYSLUMJÓLK(11)

Neyslumjólk: hrámmjólk, nýmmjólk, léttmjólk og undanrenna, án aukefna.

- Tekur aðeins til mjólkur sem ætluð er beint til neyslu, yfirleitt í 2 l umbúðum eða minni.
- Nær einnig yfir vítamínþætta mjólk.

Hrámmjólk (111): framleiðsluefni mjólkurkirtla einnar eða fleiri kúa, áa, geita eða vísurkúa sem hefur ekki verið hituð yfir 40°C eða fengið meðferð sem hefur sams konar áhrif (tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992, Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 3).

Nýmmjólk (112): mjólk sem hefur fengið eina hitameðferð í mjólkurstöð eða viðurkennda meðferð sem hefur sömu áhrif og hefur annaðhvort minnst náttúrulegt fituinnihald 3,50% eða fitan hefur verið jöfnuð í minnst 3,5% (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1411/71 frá 29. júní 1971, Stjtið. EB nr. L 148, 3. 7. 1971, bls. 4).

- Nær einnig yfir sænskar gerðir neyslumjólkur sem eru merktar „Gammaldags mjólk“, með 4,2% mjólkurfituinnihaldi, og „Standardmjólk“, með 3% mjólkurfituinnihaldi.

Léttmjólk (113): mjólk sem hefur fengið minnst eina hitameðferð í mjólkurstöð eða viðurkennda meðferð sem hefur sömu áhrif og mjólkurfitan hefur verið jöfnuð í minnst 1,50% og mest 1,80% (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1411/71 frá 29. júní 1971, Stjtið. EB nr. L 148, 3. 7. 1971, bls. 4).

- Nær einnig yfir finnska neyslumjólk sem er merkt „ykkösmaito/ettans mjólk“ og hefur 1% mjólkurfituinnihald.
- Nær einnig yfir sænskar gerðir neyslumjólkur sem eru merktar „Ekologisk mjólk“, með 2% mjólkurfituinnihaldi, og „Mellanmjólk“ sem hefur 1,5% mjólkurfituinnihald.
- Nær einnig yfir austurríska neyslumjólk með mjólkurfituinnihaldi milli 2,0% og 2,5%.

Undanrenna (114): mjólk sem hefur fengið minnst eina hitameðferð í mjólkurstöð eða viðurkennda meðferð sem hefur sömu áhrif og mjólkurfitan hefur verið jöfnuð í mest 0,30% (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1411/71 frá 29. júní 1971, Stjtið. EB nr. L 148, 3. 7. 1971, bls. 4).

- Nær einnig yfir sænskar gerðir neyslumjólkur sem eru merktar „Láttmjólk“, með 0,5% mjólkurfituinnihaldi, og „Minimjólk“ með 0,07% mjólkurfituinnihaldi.
- Nær einnig yfir austurríska neyslumjólk með 0,5% mjólkurfituinnihaldi.

Gerilsneydd: gerilsneyða skal mjólk þannig að mjólkinn er hituð við háan hita í stuttan tíma (minnst 71,7°C í 15 sekúndur eða með jafngildri samsetningu) eða með gerilsneyðingarferli þar sem beitt er annarri samsetningu tíma og hitastigs til að fá fram sömu áhrif (tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992, Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 24).

Dauðhreinsuð: dauðhreinsuð mjólk skal hafa:

- verið hituð og dauðhreinsuð í loftþéttum, innsigliðum umbúðum eða flátum og verður innsiglið að vera órofið,
- sýnt við slembisýnatöku slíka geymsluhæfni að ekki megi greina neinar skemmdir á henni eftir 15 daga í lokuðum umbúðum við +30° hita (tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992, Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 25).

Háhituð: háhita skal mjólk (eða leifturhita) með því að beita stöðugum hitastraumi við hátt hitastig í stuttan tíma (ekki minni en 135°C í innan við 1 sekúndu) (tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992, Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 24).

- Aðildarríki, sem gera ekki greinarmun á dauðhreinsaðri og háhitaðri mjólk, geta sett báðar tegundir undir sama lið.

ÁFIR (12)

Áfir: úrgangsafurð (kann jafnvel að vera súr eða sýrð) sem verður til þegar smjör er unnið úr mjólk eða rjóma (með stöðugri strokkun og aðskilnaði fastra fituefna).

- Áfir, sem innihalda aukefni, skal flokka með mjólkurdrykkjum.

RJÓMI (13)

Rjómi: fituskán sem myndast á náttúrulegan hátt á yfirborði mjólkur við hæga uppsöfnun fitudropa þeytunnar. Sé þessi skán fjarlægð með því að fleyta hana ofan af yfirborði mjólkurinnar, eða skilja hana frá mjólkinni í skilvindu, hefur hún, til viðbótar öðrum efnum mjólkurinnar, tiltölulega hátt fituinnihald (yfirleitt hærra en 10% af þyngd afurðarinnar).

Rjómi (13): unninn rjómi sem er tilbúinn til afhendingar utan mjólkurbúa (þ.e.a.s. til manneldis, sem hráefni fyrir framleiðendur súkkulaðis, rjómaiss o.s.frv.). Þessi afurð tekur ekki, fremur en aðrar, til hálfunninna vara sem ætlaðar eru til framleiðslu annarra mjólkurafurða.

Rjómi með fituinnihaldi allt að 29% af þyngd (131)

Rjómi með fituinnihaldi yfir 29% af þyngd (132)

- Tafla A/„Innlagt“: hráefni (í mjólkurígildum) sem býli afhenda til mjólkurbúa.
- Tafla B/„Tiltækt magn“: rjómi sem skilinn er frá á býlinu og afhentur til mjólkurbús.
- Tafla A/„Framleiddar afurðir“ og tafla B/„Ráðstöfun“:
 - gerilsneyddur, dauðhreinsaður eða háhitaður,
 - á einnig við um sýrðan rjóma,
 - á einnig við um rjóma í fernum eða dósnum.

SÝRÐ MJÓLK (14)

Sýrð mjólk: mjólkurafurðir með sýrustig milli 3,8 og 5,5 pH.

- Á við um jógúrt, drykkjarjógúrt, unna jógúrt, gerjaða mjólk sem hlotið hefur hitameðferð ofl.
- Nær einnig yfir afurðir úr bifidus-gerlum eða sem innihalda þá.

Sýrð mjólk með aukefnum (141): sýrða mjólk með sætuefnum ber að flokka undir vörulið 142.

Sýrð mjólk án aukefna (142): nær einnig yfir sýrða mjólk með viðbættum sykri og/eða sætuefnum.

MJÓLKURDRYKKIR (15)

Mjólkurdrykkir: aðrar afurðir í fljótandi formi sem innihalda minnst 50% mjólkurafurðir, þar á meðal afurðir sem eru að stofni til mysa.

- Nær yfir súkkulaðimjól, áfir blandaðar aukefnum eða bragðbættar, o.s.frv.

AÐRAR NÝJARAFURÐIR (16)

- Nær yfir nýjar mjólkurafurðir sem ekki eru tilgreindar annars staðar, aðallega eftirrétti úr mjólk (gelaða mjólk, bökur með eggjakremi, rjómaábæta, búðinga o.s.frv.) og rjómais (og svipaðar afurðir) sem eru framleiddar í þeim fyrirtækjum sem veita upplýsingar.
- Nær einnig yfir eftirrétti í dósun.
- Nær einnig yfir nýjar landbúnaðarafurðir sem koma frá býlum (undir vörulíðnum Tiltækt magn/III.4) og eru settar óunnar á markað (fyrir utan umbúðir).

KJÖRNUÐ MJÓLK (21)

Kjörnud mjólk: afurð sem er fengin með því að fjarlægja vatn að hluta til úr nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu eingöngu.

- Á einnig við um þykka mjólk (sem hlotið hefur hitameðferð) og kjarnaða mjólk með viðbættum sykri.
- Á einnig við um kjarnaða mjólk sem notuð er til framleiðslu „súkkulaðimylsu“; þurrkaðrar afurðar úr mjólk, sykri og kakódeigi í eftirfarandi hlutföllum:
 - mjólkurfita: meira en 6,5% (miðað við þyngd) en minna en 11% (miðað við þyngd),
 - kakó: meira en 6,5% (miðað við þyngd) en minna en 15% (miðað við þyngd),
 - súkrósi (þar á meðal invertsykur reiknaður sem súkrósi): meira en 50% (miðað við þyngd) en minna en 60% (miðað við þyngd),
 - fitulaust þurrefni mjólkur: meira en 17% (miðað við þyngd) en minna en 30% (miðað við þyngd),
 - vatn: meira en 0,5% (miðað við þyngd) en minna en 3,5% (miðað við þyngd).

Samsetningin er gefin upp í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 380/84 frá 15. febrúar 1984 (Stjtið. EB nr. L 46, 16. 2. 1984, bls. 26).

MJÓLKURAFURÐIR SEM DUFT (22)

Mjólkurafurðir sem duft: afurð sem er fengin með því að fjarlægja vatn úr rjóma, nýmjólk, léttmjólk, undanrennu, áfum og sýrðri mjólk.

- Nær einnig yfir aukefni sem blandað er í hráefnið áður en duft er búið til úr því.
- Nær einnig yfir mjólkurduft sem er framleitt í mjólkurbúum og ætlað fyrir ungbörn og í skepnufóður.

Rjómaduft (221): mjólkurduft með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 42% af þyngd afurðarinnar.

Nýmjólkurduft (222): mjólkurduft með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 26% en minna en 42% af þyngd afurðarinnar.

Léttmjólkurduft (223): mjólkurduft með mjólkurfituinnihaldi sem er meira en 1,5% en minna en 26% af þyngd afurðarinnar.

Undanrennuduft (224): mjólkurduft með mjólkurfituinnihaldi sem er að hámarki 1,5% af þyngd afurðarinnar.

Áfaduft (225): duft sem unnið er úr áfum.

Aðrar afurðir sem duft (226): hleypt mjólk og rjómi, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, hvort sem er með eða án viðbættis sykurs eða annars sætuefnis, bragðbætt eða með viðbættum ávöxtum eða kakói.

- Nær einnig yfir rjómadufts-, mjólkurdufts-, áfadufts- og/eða mysuduftsblöndur.
- Nær einnig yfir prótínafurðir sem duft.

SMJÖR (23)

Smjör, samtals og annað viðbit (23): nær yfir smjör, brætt smjör og smjörolíu og annað viðbit, sett fram í smjörigildum, með mjólkurfituinnihaldi sem nemur 82% af þyngd afurðarinnar.

- Tafla A: Danmörk: nær aðeins yfir smjör (231).
- Tafla B: Vöruliðina 231 (smjör), 232 (brætt smjör og smjörolía) og 233 (annað viðbit) er skylt að skrá eftir þyngd afurðarinnar. Aðeins atriði 23 er skylt að skrá í smjörigildum.

Smjör (231): afurð með mjólkurfituinnihaldi sem er ekki minna en 80% en minna en 90%, vatnsinnihaldi sem er 16% að hámarki og fitulausu þurrefni mjólkur sem er að hámarki 2%.

- Nær einnig yfir smjör með svolitlu magni kryddjurta, krydds, bragðbætandi efna o.fl., að því tilskildu að afurðin haldi einkennum smjörs.

Brætt smjör og smjörolía (232):

Brætt smjör: brætt smjör hefur mjólkurfituinnihald sem er yfir 85% af þyngd afurðarinnar. Hugtakið nær, auk brædds smjörs, yfir fjölda annarra svipaðra útvatnaðra smjörtegunda sem eru þekktar undir ýmsum almennum nöfnum svo sem „útvatnað smjör“, „vatnsfritt smjör“, „smjörolía“, „mjólkurfitá“ (mjólkurfituefni) og „smjörþykkni“.

Smjörolía: afurð sem fá má úr mjólk, rjóma eða smjöri með því að fjarlægja úr því vatn og fitulaust þurrefni og sem hefur mjólkurfituinnihald sem er að lágmarki 99,3% af heildarþyngd og vatnsinnihald sem er að hámarki 0,5% af heildarþyngd.

- Nær einnig yfir útunna olíu úr smjöri („ghee“).
- Varðar aðeins beina framleiðslu úr rjóma til að koma í veg fyrir tvítalningu.

Annað viðbit (233):

Léttsmjör: afurð sem líkist smjöri, með mjólkurfituinnihaldi sem er minna en 80 % af þyngd (fyrir utan aðra fitu). (Vörulýsing: þrjú fjórðu hlutar smjörfita, hálfteitt smjör og smyrjanlegt viðbit).

Fita gerð úr efnum úr jurta- og/eða dýraríkinu: átt er við smyrjanlega þeytu í föstu formi, aðallega af gerðinni „vatn í olíu“, sem unnin er úr fastri og/eða fljótandi fitu úr jurta- og/eða dýraríkinu, hæfa til manneldis, þar sem mjólkurfítan er á milli 10% og 80% af fituinnihaldi,

OSTUR (24)

Ostur: ostur er föst eða meðalföst afurð, ný eða þroskuð, sem fæst með því að mjólk, undanrenna, léttmjólk, rjómi, mysurjómi eða áfir eru hleypt, ein sér eða blönduð saman, með rennet-hleypi eða öðrum hleypi og með því að sía að hluta til frá mysuna sem myndast við slíka hleypingu. (Codex Alimentarius - FAO, XVI. bindi, staðall A-6).

- Tafla A:
 - úr kúamjólk eingöngu,
 - nær einnig yfir ost sem notaður er til framleiðslu á bræddum osti en á ekki við um bræddan ost.
- Tafla B:
 - nær yfir allar tegundir osts (og ystings) sem eru framleiddar úr ýmsum gerðum mjólkur (242),
 - nær einnig yfir ricotta-ost,
 - ostmagnið, sem notað er til að búa til bræddan ost, er ekki reiknað með í ostmagninu,
 - skipting í helstu undirflokkum eftir því hversu harður osturinn er byggist á vatnsinnihaldinu í fitulausu þurrefni („Moisture on a fat-free basis“ - MFFB):

$$\frac{\text{þyngd vatnsinnihalds}}{\text{heildarþyngd - þyngd fituinnihalds}} \times 100$$

Mjúkur ostur (2421): ostur þar sem vatnsinnihald í fitulausu þurrefni fullgerjaðs osts er að öllu jöfnu ekki minna en 68%.

Meðalmjúkur ostur (2422): ostur þar sem vatnsinnihald í fitulausu þurrefni fullgerjaðs osts er að öllu jöfnu ekki minna en 62% en minna en 68%.

Meðalharður ostur (2423): ostur þar sem vatnsinnihald í fitulausu þurrefni fullgerjaðs osts er að öllu jöfnu ekki minna en 55% en minna en 62%.

Harður ostur (2424): ostur þar sem vatnsinnihald í fitulausu þurrefni fullgerjaðs osts er að öllu jöfnu ekki minna en 47% en minna en 55%.

Mjög harður ostur (2425): ostur þar sem rakamagn í fitulausum massa fullgerjaðs osts er að öllu jöfnu minna en 47%.

Ferskostur (2426): afurð fengin úr súrri mjólk þar sem mestur hluti mysunnar hefur verið fjarlægður (t.d. með siun eða pressun). Nær einnig yfir ysting (annan en sem duft) sem inniheldur sykurlaus og viðbætta ávexti sem nema allt að 30% af þyngdinni.

- Þar með talinn ferskur mysuostur (sem fæst með því að sjóða niður mysu og bæta mjólk eða mjólkurfitu við).

BRÆDDUR OSTUR (25)

Bræddur ostur: afurð sem er fengin með því að mala, blanda, bræða og fleyta, við hita og með því að nota ýruefni, eina eða fleiri gerðir osts, með eða án viðbættra mjólkurefna og/eða annarra matvæla (Codex Alimentarius - FAO, XVI. bindi, Staðall A-8 b)).

KASÍN OG KASÍNÖT (26)

Kasín: er helsti prótínþátturinn í mjólk. Það er unnið úr undanrennu með útfellingu (hleypingu), yfirleitt með síru eða hleypi. Vöruliðurinn tekur til ýmissa gerða kasíns sem eru mismunandi eftir hleypiaðferð, t.d. sýrufellt kasín og hleypinkasín (parakasín). (Skýringar við Samræmdu tollskrána - 35. kafli VI. flokks (nr. 35.01)).

Kasínöt: (kasínsölt) ná yfir natríum- og ammóníumsölt sem þekkt eru sem „leysanleg kasín“; þessi sölt eru yfirleitt notuð til að útbúa kjörnuð matvæli og lyfjavörur. Kalsíumkasín er notað til að útbúa matvæli eða sem lím, eftir eðli þess. (Skýringar við Samræmdu tollskrána - 35. kafli VI. flokks (nr. 35.01)).

MYSA (27)

Mysa: aukaafurð sem verður til við osta- eða kasíngerð. Í fljótandi formi inniheldur mysa náttúruleg efni (að meðaltali 4,8 % mjólkursykur, 0,8 % prótín and 0,2 % fitu miðað við þyngd vörunnar) sem verða eftir þegar kasínið og meirihluti fitunnar hafa verið fjarlægð úr mjólkinni.

Mysa, samtals (27): nær einnig yfir mysu sem notuð er í mjólkurbúum til framleiðslu skepnufóðurs.

- Gefa skal upp raunþyngd atriðis 271 (fljótandi mysa), 272 (mysuþykkni), 273 (mysa í formi dufts eða blokkar), 274 (mjólkursykur), 275 (mjólkurhvíta (laktalbúmín)). Aðeins atriði 27 (mysa, samtals) skal gefin upp í ígildi fljótandi mysu og má aldrei vera samtala áðurgreinds magns.

Fljótandi mysa (271): mysa sem afhent er til að nota aðallega sem skepnufóður. Skytt er að undanskilja það magn sem notað er sem hráefni fyrir aðra vinnslu.

Mysuþykkni (272).

Mysa í formi dufts eða blokkar (273).

Laktósi (mjólkursykur) (274).

Laktalbúmín (mjólkurhvíta) (275): einn af helstu þáttum mysuprótsins.

AÐRAR UNNARAFURÐIR (28)

- Þessi vöruliður tekur til unninna mjólkurafurða (sem skal tilgreina) sem eru ekki tilteknar annars staðar, aðallega „laktóferrín“-afurða.
- Nær einnig yfir unnar landbúnaðarvörur sem koma frá býlum (undir vöruliðnum Tiltækt magn/III.4) og eru settar á markað óunnar (fyrir utan umbúðir eða þroskun).

II. VÞAUKI

TAFLA A

Mánaðarskýrsla um innlagða mjólk (kúamjólk) og framleiddar afurðir

Land: Mánuður: Ár:

A. INNLAGT		Magn (1 000 t)	Fituinnihald (%)	Prótíninnihald (%)
1. Kúamjólk frá býlum:	
2. Rjómi frá býlum:	
Númer afurðar	B. FRAMLEIDDAR AFURÐIR	(1 000 t)		
11	Neyslumjólk		
13	Rjómi		
14	Sýrð mjólk		
21	Kjörnuð mjólk		
221 + 222 + 223	Rjómaduft, nýmjólkurduft og léttmjólkurduft		
224	Undanrennuft		
23	Smjör (samals - í smjörigildum)		
2411	Ostur úr kúamjólk eingöngu		

TAFLA B

Ársframleiðsla og ráðstöfun mjólkur (allrar mjólkur) á mjólkurbúum

Land:

Ár:

A. TILTÆKT MAGN	Magn (1 000 t)	Mjólkurfita (t)	Mjólkurprótín (t)
	1	2	3
I. Innlögð kúamjók frá býlum
II. Annað innlagt, tiltækt magn			
1. Sauðamjók	
2. Geitamjók	
3. Visundamjók	
4. Rjómi	
5. Undanrenna og áfir	
6. Aðrar afurðir (tilgreinið)	
III. Innflutningur og afgreiðsla frá mjólkurbúum innanbandalagsins:			
1. Nýmjók, þar með talin hrámjók	
11. Þar af aðildarríki:	
2. Undanrenna	
21. Þar af aðildarríki:	
3. Rjómi	
31. Þar af aðildarríki:	
4. Aðrar afurðir (tilgreinið)	
41. Þar af aðildarríki:	

Land:

Ár:

Númer	B. RÁÐSTÖFUN	Magn (1 000 t)	Mjólkurfita (t)	Aðföng:	
				Nýmjólk (1 000 t)	Undanrenna (1 000 t)
		1	2	3	4
1	Nýjar afurðir				
11	Neyslumjólk
111	Hrármjólk
112	Nýmjólk
1121	gerilsneydd
1122	dauðhreinsuð
1123	háhituð
113	Léttmjólk
1131	gerilsneydd
1132	dauðhreinsuð
1133	háhituð
114	Undanrenna
1141	gerilsneydd
1142	dauðhreinsuð
1143	háhituð
12	Áfir
13	Rjómi
	með fituinnihaldi miðað við þyngd				
131	að 29%
132	yfir 29%
14	Sýrð mjólk (jógúrt, drykkjarjógúrt og annað)
141	Blönduð aukefnum
142	Án aukefna
15	Mjólkurdrykkir
16	Aðrar nýjar afurðir (mjólkurhlaup og annað)

Land:

Ár:

Númer	B. RÁÐSTÖFUN	Magn (1 000 t)	Mjólkurfita (t)	Aðföng:	
				Nýmjólk (1 000 t)	Undanrenna (1 000 t)
		1	2	3	4
2	Unnar afurðir				
21	Kjörnuð mjólk
211	án sætuefna
212	með sætuefnum
22	Mjólkurafurðir sem duft
221	Rjómaduft	}
222	Nýmjólkurduft
223	Léttmjólkurduft
224	Undanrennuduft
225	Áfaduft
226	Aðrar afurðir sem duft
23	Smjör og annað viðbit
231	Smjör
232	Brætt smjör og smjörolía
233	Annað viðbit
24	Ostur
241	Ostur flokkaður eftir mjólkurtegundum:
2411	Ostur úr kúamjólk (hreinn)
2412	Ostur úr sauðamjólk (hreinn)
2413	Ostur úr geitamjólk (hreinn)
2414	Aðrir ostar (blandaðir eða ostur úr vísundamjólk (hreinn))
242	Ostur (allar mjólkurtegundir) flokkaður sem:
2421	Mjúkur ostur
2422	Meðalmjúkur ostur
2423	Meðalharður ostur
2424	Harður ostur
2425	Mjög harður ostur
2426	Ferskostur
25	Bræddur ostur
26	Kasín og kasinöt
27	Mysa, samtals
271	Fljótandi mysa
272	Mysuþykkni
273	Mysa í formi dufts eða blokkar
274	Laktósi (mjólkursykur)
275	Laktalbúmin (mjólkurhvíta)
28	Aðrar unnar afurðir (tilgreinið)

Land:

Ár:

Númer	B. RÁÐSTÖFUN	Magn (1 000 t)	Mjólkurfita (t)	Aðföng:	
				Nýmjólk (1 000 t)	Undanrenna (1 000 t)
		1	2	3	4
3	Undanrenna og áfir sem skilað er til býla
4	Útflutningur og vörusendingar innan bandalagsins á mjólk og rjóma í lausri vigt
41	Þar af aðildarríki
5	Önnur ráðstöfun (tilgreinið)
6	Mismunur	
	Samtals	

TAFLA C

Ársframleiðsla og ráðstöfun mjólkur (allrar mjólkur) á býlum

Land:

Ár:

A. TILTÆKT MAGN (1 000 t)

	Nýmjólk		Undanrenna og áfir
1. Kúamjólk	1. Skilað af mjólkurbúum
1.1. Þar af mjólk úr mjólkurkúm	2. Rjómaafhendingar, staða
2. Sauðamjólk	3. Framleiðsla heimasmjörs og -rjóma
3. Geitamjólk		
4. Visundamjólk		
Samtals	Samtals

B. RÁÐSTÖFUN (1 000 t)

	Nýmjólk		Undanrenna eða áfir
1. Neyslumjólk	1. Neyslumjólk
a) Heimaneysla	2. Heimaostur
b) Bein sala	3. Skepnufóður
2. Heimasmjör og -rjómi	4. Afhent til mjólkurbúa
3. Heimaostur		
4. Aðrar afurðir		
5. Skepnufóður		
6. Afhent til mjólkurbúa		
a) Mjólk		
b) Rjómi (í mjólkurígildum)		
c) Aðrar afurðir (tilgreinið)		
7. Mismunur og tap		
Samtals	Samtals

C. FRAMLEIDDAR AFURÐIR (1 000 t)

1. Neyslumjólk		
a) Heimaneysla		
b) Bein sala		
2. Heimarjómi		
þar af afhent til mjólkurbúa		
3. Heimasmjör		
þar af afhent til mjólkurbúa		
4. Heimaostur		
þar af afhent til mjólkurbúa		
5. Aðrar afurðir (tilgreinið)		
þar af afhent til mjólkurbúa		

TAFLA D

Skipting fyrirtækja⁽¹⁾ eftir innlögðu mjólkurmagni á ári

Land:		Staða 31. desember:	
Flokkar eftir magni (tonnum á ári) af innlagðri mjólk	Fjöldi fyrirtækja	Mjólkurmagn í 1 000 t	
5 000 og minna	
5 001 til 20 000	
20 001 til 50 000	
50 001 til 100 000	
100 001 til 300 000	
yfir 300 000	
	Samtals

⁽¹⁾ Sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/16/EB.

TAFLA E

Skipting söfnunarstöðva (*) eftir innlögðu mjólkurmagni á ári

Land:

Staða 31. desember:

Flokkar eftir magni (tonnum á ári) af innlagðri mjólk	Fjöldi	Innlagt í 1 000 t
1 000 og minna
1 001 til 5 000
yfir 5 000
Samtals

(*) Sem um getur í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/16/EB.

TAFLA F

Skipting fyrirtækja eftir magni unninnar mjólkur

Land:

Staða 31. desember:

Flokkar eftir magni (tonnum á ári) unninnar mjólkur	Fjöldi fyrirtækja	Magn (1 000 t)
5 000 og minna
5 001 til 20 000
20 001 til 50 000
50 001 til 100 000
100 001 til 300 000
yfir 300 000
Samtals

TAFLA G.1

Skipting fyrirtækja eftir ársframleiðslu tiltekinna flokka mjólkurafurða

Land: Staða 31. desember:

Vörflokkur: NÝJARAFURÐIR (1)

Flokkar eftir framleiðslumagni (tonnum á ári)	Fjöldi fyrirtækja	Ársframleiðsla (í 1 000 t)
1 000 og minna
1 001 til 10 000
10 001 til 30 000
30 001 til 50 000
50 001 til 100 000
yfir 100 000
Samtals

TAFLA G.2

Skipting fyrirtækja eftir ársframleiðslu tiltekinna flokka mjólkurafurða

Land: Staða 31. desember:

Vörflokkur: NEYSLUMJÓLK(11)

Flokkar eftir framleiðslumagni (tonnum á ári)	Fjöldi fyrirtækja	Ársframleiðsla (í 1 000 t)
1 000 og minna
1 001 til 10 000
10 001 til 30 000
30 001 til 100 000
yfir 100 000
Samtals

TAFLA G.3

Skipting fyrirtækja eftir ársframleiðslu tiltekinna flokka mjólkurafurða

Land:	Staða 31. desember:	
Vöruflokkur: MJÓLKURAFURÐIR SEM DUFT (22)		
Flokkar eftir framleiðslumagni (tonnum á ári)	Fjöldi fyrirtækja	Ársframleiðsla í 1 000 t
1 000 og minna
1 001 til 5 000
5 001 til 20 000
yfir 20 000
Samtals

TAFLA G.4

Skipting fyrirtækja eftir ársframleiðslu tiltekinna flokka mjólkurafurða

Land:	Staða 31. desember:	
Vöruflokkur: SMJÖR (23)		
Flokkar eftir framleiðslumagni (tonnum á ári)	Fjöldi fyrirtækja	Ársframleiðsla í 1 000 t
100 og minna
101 til 1 000
1 001 til 5 000
5 001 til 10 000
yfir 10 000
Samtals

TAFLA G.5

Skipting fyrirtækja eftir ársframleiðslu tiltekinna flokka mjólkurafurða

Land:

Staða 31. desember:

Vöruflokkur: OSTUR (allar gerðir) (24)

Flokkar eftir framleiðslumagni (tonnum á ári)	Fjöldi fyrirtækja	Ársframleiðsla í 1 000 t
100 og minna
101 til 1 000
1 001 til 4 000
4 001 til 10 000
yfir 10 000
Samtals

SKÝRINGAR

TAFLA A

Gögnin í þessari töflu eiga aðeins við um kúamjólk, bæði hvað varðar innlagða mjólk og framleiddar afurðir (blöndur eru því undanskildar).

Þegar um er að ræða vikulegar skýrslur skal skipta upp gögnum frá þeim vikum sem skiptast milli mánaða og sundurliða þau samkvæmt fjölda vinnudaga í hvorum mánuði.

Fituinnihald: — fituinnihald mjólkur sem hlutfall af þyngd afurðar,
— vegið landsmeðaltal á grundvelli gagna sem fengust með Röse-Gottlieb-aðferðinni (IDF/FIL-kóði 1C: 1987).

Prótíninnihald: — prótíninnihald mjólkur sem hlutfall af þyngd afurðar,
— vegið landsmeðaltal á grundvelli gagna sem fengust með Kjeldahl-aðferðinni.

Framleiddar afurðir: magn nýrra, unninna mjólkurafurða skal teljast tilbúið til afhendingar utan mjólkurbúa.

TAFLA B

Til að forðast tvítalningu skal ekki reikna með mjólkurafurðir sem eru notaðar innan mjólkurbúsins til framleiðslu annarra mjólkurafurða.

Þar að auki vísa gögnin í þessari töflu til hugtaksins „landsmjólkurbú“. Þar af leiðandi skal undanskilja, í framleiðslutölum landsins, öll viðskipti með hráefni eða afurðir milli mjólkurbúa í hlutaðeigandi aðildarríki.

Tiltækt magn/I og II: innlögð mjólk: tekur til kaupa á öllum tegundum nýmjólkur (kúa-, sauða-, geita- og visundamjólk) og mjólkurafurðum sem lagðar eru beint inn frá býlum.

Tiltækt magn/II.6: tekur til annarra mjólkurafurða (svo sem osts, smjörs og jógúrtar) sem koma frá býlum. Þessar afurðir, án tillits til þess hvort þær eru unnar eða óunnar, eru ætlaðar sem aðföng fyrir mjólkurvinnsluna og er skylt að taka þær fram í B-hluta töflunnar (Ráðstöfun).

Tiltækt magn/III.4: tekur til annarra mjólkurafurða (svo sem osts, smjörs og jógúrtar) sem eru fluttar inn frá öðrum löndum. Þessar afurðir, án tillits til þess hvort þær eru ætlaðar sem aðföng fyrir mjólkurvinnsluna eða ekki, er skylt að taka fram í B-hluta töflunnar (Ráðstöfun).

Ef fyrirhugað er að setja þessar vörur á markað óunnar (fyrir utan umbúðir eða þroskun) er skylt að færa þær inn undir vörulið 16 (nýjar landbúnaðarafurðir) eða 28 (unnar landbúnaðarafurðir).

Tiltækt magn/III-Innflutningur og afgreiðsla innan bandalagsins: í lausri vigt eða í 2 l umbúðum eða stærri.

Dálkur 1 - Magn: Magnið sem ber að skrá skal, nema annað sé tekið fram, vísa til nettóþyngdar hráefnisins/fullunninnar vöru (í 1 000 t).

Magn nýrra, unninna mjólkurvara skal teljast tilbúið til afhendingar utan mjólkurbúa.

Dálkur 2/B. Ráðstöfun - mjólkurfita: magn (í tonnum) mjólkurfitu sem notað er við vinnslu viðkomandi afurðar, að meðtalinni hugsanlegri rýrnun meðan á framleiðsluferlinu stendur.

Dálkur 3/A. Tiltækt magn — mjólkurprótín: magn (í tonnum) mjólkurprótíns í innlagðri kúamjólk.

Dálkur 3/B. Aðföng — nýmjólk: magn (í 1 000 t) nýmjólkur sem notuð er við vinnslu hlutaðeigandi afurðar, að meðtalinni hugsanlegri rýrnun meðan á framleiðsluferlinu stendur.

Dálkur 4/B. Aðföng - undanrenna:

- jákvæð: magn (í 1 000 t) undanrennu sem notað er til vinnslu hlutaðeigandi afurðar, að meðtalinni hugsanlegri rýrnun meðan á framleiðsluferlinu stendur,
- neikvæð: magn (í 1 000 t) undanrennu sem endurheimtist á meðan á framleiðslu viðkomandi afurðar stendur (til dæmis: undanrenna sem endurheimtist þegar smjör er unnið úr nýmjólk eða rjóma).

Önnur ráðstöfun (númer 3-6):

Undanrenna og áfir sem skilað er til býla (3): undanrenna og áfir sem skilað er til býla.

Útflutningur og vörusendingar innan bandalagsins á mjólk og rjóma í lausri vigt (4): útflutningur og afgreiðsla mjólkurbúa á nýmjólk, undanrennu og fljótandi rjóma, í lausri vigt eða í 2 l umbúðum eða stærri, innan bandalagsins.

Önnur ráðstöfun (5): tekur til nýmjólkur og undanrennu í lausri vigt eða í stærri umbúðum en 2 l sem afhent er til matvælaframleiðslu (t.d. til ísgerðar) eða ætluð til notkunar sem skepnufóður í hvers kyns formi, að undanskildum 3. lið.

Mismunur (6): tekur til tölfræðilegs mismunar.

TAFLA C

Býli: rekstrareining undir einni stjórn sem framleiðir landbúnaðarafurðir.

A. Tiltækt magn:

Kúamjólk: tekur til allra tegunda kúamjólkur, að undanskilinni mjólk handa kálfum á spena en að meðtalinni þeirri mjólk sem er mjólkuð (þar með talinn broddur) til að hafa í skepnufóður (til dæmis í fötur eða á annan hátt).

Mjólkurkýr: kýr sem notaðar eru eingöngu eða að mestu leyti til mjólkurframleiðslu til manneldis og/eða vinnslu mjólkurafurða, þar með taldar mjólkurkýr til slárunar (hvort sem þær eru fitaðar á tímabilinu frá því að þær hætta að mjólka og þar til þeim er slátrað eða ekki).

Dálkurinn nýmjólk: tekur til magns framleiddrar mjólkur.

Dálkurinn undanrenna og áfir:

- skilað af mjólkurbúum (1): sjá skilgreiningu við töflu B/3.
- rjómasendingar, staða (2).

B. Ráðstöfun:

Nýmjólk/heimaneysla: nýmjólk til heimilisnota á býlinu (þar af leiðandi eingöngu til manneldis).

Nýmjólk/bein sala: nýmjólk til manneldis sem seld er beint til neytenda.

Nýmjólk/heimasmjör og -rjómi: nýmjólk (allar mjólkurtegundir) sem notuð er til framleiðslu heimasmjörs og -rjóma.

Nýmjólk/heimaostur: nýmjólk (allar mjólkurtegundir) sem notuð er til framleiðslu heimaosts.

Nýmjólk/aðrar afurðir: nýmjólk (allar mjólkurtegundir) sem notuð er til vinnslu mjólkurafurða til manneldis (t.d. jógúrt).

Nýmjólk/skepufóður: nýmjólk notuð á býlinu sem skepufóður, í hvaða formi sem er (eins og hún kemur fyrir eða sem fóðurblanda fyrir skepnur sem framleidd er á býlinu).

Nýmjólk/afhent til mjólkurbúa:

- þar með talin afhending:
 - á öllum tegundum nýmjólkur (kúa-, sauða-, geita- og visundamjólk) til mjólkurbúa (innan eða utan aðildarríkisins) og til býlanna sem um getur í 2. gr. tilskipunar 96/16/EB,
 - aðrar afurðir (tilgreinið), í mjólkurígildum,
- rjómaafhendingar er skylt að gefa upp í mjólkurígildum.

Nýmjólk/mismunur og tap:

- á við um tölfræðilegan mismun og það magn sem tapast í vinnslu,
- samtala dálksins „ráðstöfun nýmjólkur“ skal vera jöfn samtölunni fyrir tiltækt magn.

Undanrenna og áfir/neyslumjólk: undanrenna og áfir sem notaðar eru á býlum til manneldis, einkum til heimaneyslu á býlum og beinnar sölu til neytenda.

Undanrenna og áfir/heimaostur: magn undanrennu og áfa sem notað er til framleiðslu heimaosts.

C. Framleiddar afurðir:

Tilkynnt magn skal vísa til nettóþyngdar fullunninnar vöru (í 1 000 t).

Neyslumjólk: heimaneysla og bein sala.

Heimarjómi: rjómi sem er framleiddur á býlum.

Heimasmjör: smjör sem er framleitt á býlum.

Heimaostur: ostur sem er framleiddur á býlum.

Aðrar afurðir: aðrar afurðir (sem skal tilgreina) sem eru framleiddar á býlum.

Þar af afhent til mjólkurbúa: á við um afhendingu rjóma, smjörs, osts og annarra landbúnaðarafurða til mjólkurbúa (innan eða utan aðildarríkisins).

TÖFLUR D OG E

Innlögð mjólk: magn mjólkur og rjóma (í mjólkurígildum) sem lagt er inn beint frá býlum.

TAFLA E

Söfnunarstöðvar: tekur aðeins til þeirra fyrirtækja sem kaupa mjólk frá býlum og selja mjólkurbúum í eigin nafni. Söfnunarstöðvar sem eru staðareiningar sem heyra undir mjólkurbú eru því undanskildar.

Einnig skal telja með í þessari töflu bókhaldsstöðvar sem sjá um að skrá á landsvísu mjólkurmagn sem fyrirtæki (mjólkurbú) í öðru aðildarríki leggur inn á yfirráðasvæði landsins.

TAFLA F

Magn: heildarmagn unninna hráefna = magn nýmjólkur (eða nýmjólkurígildis) sem er notað til framleiðslu mjólkurafurða í fyrirtækinu.

TÖFLUR D, E, F OG G

Fyrirtæki: fyrirtæki er minnsta samsetning lögformlegra eininga sem er skipulagseining með vöruframleiðslu eða þjónustustarfsemi, og nýtur ákveðins sjálfstæðis um ákvarðanir, einkum um ráðstöfun fjármuna og framleiðsluþátta í daglegum rekstri. Fyrirtæki rekur eina eða margháttaða starfsemi á einum eða fleiri stöðum. Fyrirtæki getur verið ein lögformleg eining. (Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993, Stjtið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993).

Afhent gögn, sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum, skulu skilmerkilega merkt sem slík.

Skylt er að fylla út töflurnar fyrir öll fyrirtæki sem eru í rekstri 31. desember á viðmiðunarárinu. Þær taka til starfsemi mjólkurbúanna, auk starfsemi mjólkurbúa sem þær hafa yfirtekið á árinu.

*III. VIÐAUKI***Vinnuáætlun fyrir 1997**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni fyrir 1. maí 1997, eftir því sem unnt er:
 - a) gögnin sem mælt er fyrir um í 1. og 2. og/eða 3. dálki í eftirfarandi töflu, ásamt skýrslu þar sem lýst er nákvæmlega þeim aðferðum sem hafa verið notaðar til að fá þessi gögn;
 - b) skýrslu um svæðisbundinn mismun á prótíninnihaldi innlagðrar kúamjólkur;
 - c) skýrslu um sambandið milli notkunar á prótíni í vinnslu mjólkurafurða og prótíninnihalds í mjólkurafurðum.
2. Aðildarríkin skulu samtímis senda framkvæmdastjórninni skýrslu þar sem lýst er tæknibúnaði til skráningar gagnanna sem um getur í 1. mgr. og tillögum þeirra um áætlunina fyrir 1998.

STARFSEMI MJÓLKURBÚA

Mjólkurprótín í kúamjólki eftir vöruflokkum

Land:		Tímabil:		
Númer	Afurð	Framleitt magn ⁽¹⁾ (1 000 t)	Aðföng ⁽²⁾	Innihald ⁽³⁾
		1	2	3
1	Nýjar afurðir
11	Neyslumjólki
12	Áfir
13	Rjómi
14	Sýrð mjólki (jógúrt og annað)
15	Mjólkurdrykkir
16	Aðrar nýjar afurðir (mjólkurhlaup og annað)
2	Unnar afurðir
21	Kjöfnuð mjólki
22	Mjólkurafurðir sem duft
221	Rjómaduft
222	Nýmjólkurduft
223	Léttmjólkurduft
224	Undanrennuduft
225	Áfaduft
226	Aðrar afurðir sem duft
23	Smjör og annað viðbit
231	Smjör
232	Brætt smjör og smjörolía
233	Annað viðbit
24	Ostur
2411	Ostur úr kúamjólki eingöngu
26	Kasín og kasínöt
27	Mysa, samtals
28	Aðrar unnar afurðir (tilgreinið)
3	Undanrenna og áfir
	Skilað til býla
4	Útflutningur og vörusendingar innan bandalagsinsá mjólki og rjóma í lausri vigt
41	Þar af aðildarríki
5	Önnur ráðstöfun (tilgreinið)
6	Mismunur
Samtals	

(1) 1. dálkur: framleitt magn (í 1 000 t) á viðmiðunartímabilinu (ár eða mánuður). Skilgreining: sjá II. viðauka/töflu B/1. dálk.

(2) 2. dálkur: magn kúamjólkurprótíns (í tonnum) sem notað er til framleiðslu viðkomandi afurðar, að meðtalinni hugsanlegri rýrnun meðan á framleiðsluferlinu stendur.

(3) 3. dálkur: magn kúamjólkurprótíns (í tonnum) í afurðinni.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2467/96**frá 17. desember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 571/88 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1988 til 1997 (3) er kveðið á um áætlun um fjórar kannanir bandalagsins á nýtingu bújarða á tímabilinu 1988 til 1997. Þessi kannanaáætlun er framhald á röð bandalagskannana á nýtingu bújarða sem hófust á árunum 1966/67. Enn fremur er í téðri reglugerð kveðið á um stofnun gagnabanka jarðatals Evrópubandalagsins (EUROFARM) til að geyma, vinna úr og miðla niðurstöðum könnunarinnar.

Þróun í nýtingu bújarða er mikilvægur þáttur við mótun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu. Því ber að halda þessum nýtingarkönnunum áfram eftir árið 1997 samkvæmt svipaðri kannanaáætlun. Endurskoða ber skrána yfir nauðsynlegar könnunarbreytur reglulega til að tryggja að breyturnar sem þar eru fyrir séu fyllilega réttlætunarlegar og að tekið sé tillit til nýrra þarfa.

Það hefur sýnt sig að reglugerð (EBE) nr. 571/88 er í samræmi við þessi markmið. Því ber að framlengja gildistíma téðrar reglugerðar um tíu ár eða þannig að hún nái yfir tímabilið 1998 til 2007.

Í tengslum við endurskoðunina á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni, en einnig með markmið byggðastefnu í huga, er vaxandi þörf er fyrir tölulegar upplýsingar um nýtingu, nákvæmt sundurliðaðar eftir landshlutum. Því er nauðsynlegt að skipuleggja og framkvæma kannanir á nýtingu á þann hátt að unnt sé að láta

í té niðurstöður sem svara til næsta stigs fyrir neðan héraðskönnunarstigið. Af þessu leiðir að könnunarkostnaðurinn verður meiri og því er nauðsynlegt að auka framlag bandalagsins vegna kostnaðar við grunnkönnunina fyrir tímabilið 1999/2000.

Til að gera þessar kannanir þurfa bæði aðildarríkin og bandalagið að gera ráð fyrir umtalsverðri fjárveitingu í mörg ár og skal nota stóran hluta hennar til að mæta upplýsingaþörfum stofnana bandalagsins. Í fjárlögum bandalagsins ætti því áfram að gera ráð fyrir nauðsynlegu fjárframlagi bandalagsins vegna kostnaðar við að framkvæma kannanirnar og vinna úr og miðla niðurstöðunum í gegnum jarðatalskerfi Evrópubandalagsins.

Við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar jarðatal Evrópubandalagsins, er skylt að fara með gögn um einstakar bújarðir, sem afhent eru Hagstofu Evrópubandalaganna, í samræmi við ákvæði reglugerðar (KBE, EBE) nr. 1588/90 (4) um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins.

Með skírskotun til 2. tölul. yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995 er í þessari reglugerð mælt fyrir um fjárhagslegan viðmiðunargrundvöll fyrir allan gildistíma áætlunarinnar, án þess að það hafi áhrif á valdsvið fjárlagayfirvaldsins eins og það er skilgreint í sáttmálanum.

Til að unnt sé að framkvæma þessar kannanir farsælega verður að halda áfram náinni samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, sem byggist á gagnkvæmu trausti, einkum innan ramma fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun 72/279/EBE (5).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 571/88 er breytt sem hér segir:

1. Í titlinum falli niður „frá 1988 til 1997“.
2. Forsendunum er breytt sem hér segir:
 - a) í fimmtu forsendu falli niður „á tímabilinu frá 1993 til 1997“;
 - b) í stað níundu forsendu komi eftirfarandi;

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 335, 24.12.1996, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 293, 5. 10. 1996, bls. 38.

(2) Stjtið. EB nr. C 347, 18. 11. 1996.

(3) Stjtið. EB nr. L 56, 2. 3. 1988, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/170/EB (Stjtið. EB nr. L 47, 24. 2. 1996, bls. 23).

(4) Stjtið. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. L 179, 7. 8. 1972, bls. 1.

„Þegar settar eru reglur um heildarkannanir bandalagsins á árunum 1989/90 og 1999/2000 verður að taka til greina, eftir því sem hægt er, tilmæli Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO) um að gerðar verði alþjóðlegar heildarkannanir í landbúnaði á árinu 1990 eða þar um bil og einnig á árinu 2000 eða þar um bil.“

3. Í 1. gr. komi „Á árunum 1988 til 2007“ í stað „Á árunum 1988 til 1997“.

4. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr:

1. Í samræmi við tilmæli FAO um alþjóðlegar heildarkannanir í landbúnaði skulu aðildarríkin láta fara fram grunnkönnun í einum eða fleiri áföngum í formi heildarkönnunar sem taki til allra bújarða á tímabilinu frá 1. desember 1988 til 1. mars 1991 og á tímabilinu frá 1. desember 1998 til 1. mars 2001. Miða skal við ræktunarár fyrir uppskeru ársins 1989 eða 1990 og ársins 1999 eða 2000.

Aðildarríkin geta samt sem áður, innan ramma grunnkönnunarinnar fyrir árin 1989/90, stuðst við kannanir á grundvelli slembiúrtaks, hér á eftir nefndar „úrtakskannanir“, að því er varðar tiltekna breytur. Niðurstöður sem þannig fást skulu bryggjaðar.

2. Aðildarríkin geta flýtt eða frestað grunnkönnuninni fyrir árin 1989/90 um tólf mánuði hið mesta og verður þá til viðbótar grunnkönnuninni að gera úrtakskönnun sem miðast við annaðhvort ræktunarárið 1989 eða 1990.“

5. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) í fyrsta málslið, á eftir orðunum „Eftirfarandi kannanir“, bætist við orðið „bráðabirgðakannanir“ innan sviga;

b) eftirfarandi bætist við:

„d) milli 1. desember 2002 og 1. mars 2004, fyrir ræktunarár vegna uppskeru ársins 2003 (nýtingarkönnun 2003);

e) milli 1. desember 2004 og 1. mars 2006, fyrir ræktunarár vegna uppskeru ársins 2005 (nýtingarkönnun 2005);

og

f) milli 1. desember 2006 og 1. mars 2008, fyrir ræktunarár vegna uppskeru ársins 2007 (nýtingarkönnun 2007).“

6. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr:

Aðildarríki, sem gera úrtakskannanir, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að marktækar niðurstöður fást í þeirri sundurliðun sem krafist er og hér segir:

— landshlutar sem um getur í 8. gr.,

— héruð sem um getur í 8. gr. (eingöngu vegna grunnkannana),

— „hlutlæg svæði“ í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 2052/88⁽¹⁾ og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/197/EB⁽²⁾ (eingöngu vegna grunnkönnunar fyrir árin 1999/2000),

og eftir því sem eftirfarandi skýrslusvæði skipta máli innan svæða:

— „verr sett landbúnaðarsvæði (harðbýlt land)“ samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. tilskipunar 75/268/EBE⁽³⁾ og „fjallendi“ samkvæmt 3. mgr. sömu greinar,

— helstu tæknilegu og efnahagslegu viðmiðanir í skilningi ákvörðunar 85/377/EBE⁽⁴⁾,

— sérstakar tæknilegar og efnahagslegar viðmiðanir í skilningi sömu ákvörðunar.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sýni séu skipulögð þannig að unnt sé að nota einn stakan stuðul á bújörð til að kalla fram upplýsingarnar sem safnað var í sýnatökunni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 185, 15. 7. 1988, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3193/94 (Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 11).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 96, 14. 4. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 128, 19. 5. 1975, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 17. 8. 1985, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/393/EB (Stjtið. EB nr. L 163, 2. 7. 1996, bls. 45).“

7. Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr. komi „á árunum 1993 til 2007“ í stað „á árunum 1993 til 1997“;

b) eftirfarandi málsgreinar bætast við á eftir 1. mgr.:

„2. Í tengslum við gerð skrár yfir breytur fyrir grunnkönnunina 1992/2000 geta aðildarríkin, að eigin

ósk og á grundvelli viðeigandi skjala, fengið heimild hjá framkvæmdastjórninni, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 15. gr., til að nota úrtakskannanir í tengslum við tiltekna breytur.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. geta aðildarríkin, einnig að eigin ósk og á grundvelli viðeigandi skjala sem og í tengslum við gerð skrár yfir könnunarbreytur, fengið heimild til að nota fyrirbyggjandi upplýsingar úr öðrum heimildum en tölfraðilegum könnunum, að því er varðar tiltekna breytur, frá og með könnuninni fyrir árið 1997.

3. Í grunnkönnuninni fyrir 1999/2000 skal landfræðileg staðsetning hverrar bújarðar um sig skilgreind með númeri þannig að söfnunin geti farið fram eftir skýrslusvæðum sem svara til næsta stigs fyrir neðan héraðskönnunarstigið eða að minnsta kosti eftir hlutlægum svæðum.

c) fyrrum 2. mgr. verði að 4. mgr. og hljóði sem hér segir“;

„4. Skilgreiningarnar á breytunum ásamt afmörkun og númerum fyrir landshluta, könnunarhéruð og önnur skýrsluvæði skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr.“;

d) fyrrum 3. mgr. verði að 5. mgr.;

e) 1., 2. og 3. neðanmálsgrein falli niður.

8. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Aðildarríkin skulu senda Hagstofu Evrópubandalaganna upplýsingarnar sem vísað er til í 1. mgr. 8. gr. og eru fengnar úr heildarkönnunum og úrtakskönnunum í formi einstakra gagna eftir bújörðum, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í II. viðauka, hér á eftir nefnt „jarðatal Evrópubandalagsins“.

Aðildarríkin skulu tryggja að gögn, sem eru færð inn á staðlað skýrslusnið jarðatalsins, séu ítarleg og trúverðug með því að nota samræmd eftirlitsskilyrði sem hagstofa Evrópubandalaganna setti eftir að hafa haft náið samráð við þar til bærar stofnanir í aðildarríkjum. Þau skulu einnig nota samanburðartöflunarnar, sem um getur í 9. lið II. viðauka, við sannpröfun á gögnum um einstakar bújarðir.“

9. Ákvæðum 1. mgr. 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) í fyrsta málslið komi orðin „við kannanirnar sem kveðið er á um í 2. og 3. gr.“ í stað orðanna „við

grunnkönnun og kannanir sem kveðið er á um í 3. gr.“;

b) mæla skal fyrir um hámarksfjárhæðir á könnun vegna aðildarríkjanna Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar sem hér segir:

„— 600 000 ECU fyrir Svíþjóð,

— 700 000 ECU fyrir Finnland,

— 1 400 000 ECU fyrir Austurríki.“;

c) eftirfarandi undirgrein bættist við milli fyrstu og annarrar undirgreinar:

„Hvað varðar þau aðildarríki, sem láta fara fram heildarkönnun allra bújarða 1999/2000 með tilliti til allra tilskilinna breytna, skulu ofangreindar fjárhæðir hækka um 50%“;

d) önnur undirgrein verði að þriðju undirgrein og í stað hennar komi eftirfarandi:

„Árlegar fjárveitingar skulu heimilaðar af fjárlagayfirvaldi og rúmast innan fjárhagsáætlunar.“

10. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Viðmiðunarfjárhæð vegna þróunar, viðhalds, nauðsynlegrar aðlögunar og umsýslu við jarðatal Evrópubandalagsins, þar með talið vegna miðlunar niðurstaðna, skal vera að hámarki ár hvert:

— 480 000 ECU fyrir árið 1989,

— 440 000 ECU fyrir árið 1990,

— 240 000 ECU fyrir árið 1991,

— 80 000 ECU fyrir árin 1992 til 1998,

— 700 000 ECU fyrir árin 1999 og 2000,

— 550 000 ECU fyrir árin 2001 til 2010.

Árlegar fjárveitingar skulu heimilaðar af fjárlagayfirvaldi og rúmast innan fjárhagsáætlunar.“

11. Í 2. mgr. 15. gr. komi orðin „með 62 atkvæða meirihluta“ í stað orðanna „með 54 atkvæða meirihluta“.

12. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 571/88 er breytt sem hér segir:

a) í 2. lið komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar:

- „— Gagnabanki með gögnum um einstakar bújarðir (BDI) sem hefur að geyma einstakar upplýsingar, sem ekki má vera hægt að bera bein kennsl á, fyrir allar bújarðir (að því er grunnkannanirnar varðar) eða upplýsingar um allar bújarðir eða um dæmigert úrtak bújarða (að því er bráðabirgðakannanirnar varðar) sem nægir til að greining geti farið fram á þeim landfræðilegu þrepum sem um getur í 4. gr. reglugerðarinnar.“;
- b) í 3. lið komi „nema gögn um einstakar bújarðir í Þýskalandi úr könnunum á árunum 1988 til 1997“ í stað „nema Þýskaland“;
- c) ákvæðum 6. liðar er breytt sem hér segir:

„6. Þýskaland fær undanþágu til að senda í stað einstakra gagna upplýsingar í töfluformi sem svara til töflugagnaáætlunarinnar (BDT) sem um getur í 2. lið. Undanþága þessi fellur úr gildi eftir kannanirnar á tímabilinu 1988 til 1997.

Þýskaland skuldbindur sig til að safna þessum gögnum um einstakar bújarðir á segulmiðil í eina gagnavinnslustöð innan tólf mánaða frá því að vettvangssöfnun gagna lýkur.“;

Gjört í Brussel 17. desember 1996.

- d) í stað 16. liðar komi eftirfarandi:

„16. Með tilliti til ábyrgðar hvors aðila um sig og í samræmi við reglugerð (KBE, EBE) nr. 1588/90 munu Hagstofa Evrópubandalaganna og aðildarríkin koma á fljótvirkum samráðsaðferðum með það fyrir augum að:

- tryggja trúnað og tölfræðilegan áreiðanleika upplýsinga sem unnar eru út frá gögnum um einstakar bújarðir,
- upplýsa aðildarríkin um hagnýtingu þessara gagna.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/21/02

nr. 14/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 374/98⁽²⁾, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97⁽³⁾ og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97⁽⁴⁾ á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslugerðar og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerminga sem Evrópubandalagið hefur samþykkt frá því að síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

F. Barbato

(¹) Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 267.

(²) Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6.

(³) Stjtið. EB L 321, 22.11.1997, bls. 19.

(⁴) Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

*VIÐAUKI***við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999**

VIÐAUKA við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUGERÐ) skal breytt sem hér segir:

A. SKÝRSLUR UM UTANRÍKISVERSLUN

1. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95):

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 0374**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 374/98 frá 12. febrúar 1998 (Stjtíð. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6).“

2. Eftirfarandi komi í stað 9. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97):

„9. **397 R 2317**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2317/97 frá 21. nóvember 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB L 321, 22.11.1997, bls. 19).“

B. HAGTÖLUR

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 19e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/178/EB):

„19f. **397 R 2454**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 340 11.12.1997, bls. 24).“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 374/98

frá 12. febrúar 1998

um breytingu á 6. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 113. gr.,

Reglugerð (EB) nr. 1172/95 er breytt sem hér segir:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

1. Í 1. mgr. 6. gr.:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

a) falli annar undirliður a-liðar niður;

b) falli þriðji undirliður b-liðar niður;

c) komi eftirfarandi í stað c-liðar:

Með breytingu á hagskýrslusvæði bandalagsins hinn 1. janúar 1997 með reglugerð (EB) nr. 476/97 ⁽¹⁾, sem breytir reglugerð (EB) nr. 1172/95 ⁽²⁾, falli tilvísanir í fyrri skilgreiningu á hagskýrslusvæði niður. Því ber að breyta 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95.

„c) þeirra vara sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr.“

Í stað þess landaflokkunarkerfis, sem nú er notað í hagskýrslum um vöruviðskipti, kemur, frá 1. janúar 1999 að telja, flokkunarkerfi með bókstöfum sem byggir á ISO alfa-2 kóðunum. Við þessar nýju aðstæður og með tilliti til samhæfingar er öllum aðildarríkjum skylt að nota sama flokkunarkerfi þegar hagtölur eru teknar saman og þær sendar Hagstofu Evrópubandalaganna. Því er nauðsynlegt að breyta 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 og fella niður þann möguleika aðildarríkjanna að nota önnur landaflokkunarkerfi á meðan söfnun fer fram.

2. Í 9. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Tilgreina ber kóðann, sem er tilgreindur er í landaflokkunarkerfinu og um getur í 1. mgr., fyrir hvert land.“;

b) falli 3. mgr. niður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BATTLE

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB L 75, 15. 3. 1997, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2317/97**frá 21. nóvember 1997****um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 476/97 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1172/95 er innleiðing landaflokkunarkerfisins á verksviði framkvæmdastjórnarinnar.

Útgáfan, sem var í gildi 1. janúar 1997, birtist í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 895/97 frá 20. maí 1997 um landaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess ⁽³⁾. Frá 1. janúar 1998 ber að taka tillit til þess að heiti Lýðveldisins Sair hefur breyst.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um hagskýrslur um vöruviðskipti við lönd utan bandalagsins.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landaflokkunarkerfið í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess er birt sem viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 321, 22.11.1997, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 118, 25. 5. 1995, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 75, 15. 3. 1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 128, 21. 5. 1997, bls. 1.

VIÐAUKI

LANDAFLOKKUN Í HAGSKÝRSLUM UM UTANRÍKISVERSLUN BANDALAGSINS OG
VERSLUN MILLIÆLDARRÍKJA ÞESS

(Gildir frá 1. janúar 1998)

001	Frakkland	Ásamt Mónakó og frönsku umdæmunum erlendis (Réunion, Guadeloupe, Martiník og Frönsku Gvæðnu)
002	Belgía og Lúxemborg	
003	Holland	
004	Þýskaland	Ásamt Helgoland; að frátöldu yfirráðasvæðinu Büsingen
005	Ítalía	Ásamt Livigno
006	Breska konungsríkið	Stóra-Bretland, Norður-Írland, Bresku Ermarsundseyjarnar og Mön
007	Írland	
008	Danmörk	
009	Grikkland	
010	Portúgal	Ásamt Asoreyjum og Madeira
011	Spánn	Ásamt Baleareyjum og Kanaríeyjum; að frátöldum Ceuta og Melilla
022	Ceuta og Melilla	Ásamt Peñón de Vélez de la Gomera, Peñón de Alhucemas og Chafarinaseyjum
024	Ísland	
028	Noregur	Ásamt Svalbarða og Jan Mayen
030	Svíþjóð	
032	Finnland	Ásamt Álandseyjum
037	Liechtenstein	
038	Austurríki	
039	Sviss	Ásamt þýska yfirráðasvæðinu Büsingen og ítalska sveitarfélaginu Campione d'Italia
041	Færeyjar	
043	Andorra	
044	Gíbraltar	
045	Páfagarður	
046	Malta	Ásamt Gozo og Kóminó
047	San Marínó	
052	Tyrkland	
053	Eistland	
054	Lettland	
055	Litháen	
060	Pólland	
061	Lýðveldið Tékkland	
063	Slóvakía	
064	Ungverjaland	
066	Rúmenía	
068	Búlgaría	
070	Albanía	
072	Úkraína	
073	Hvíta-Rússland	
074	Moldavía	
075	Rússland	
076	Georgia	
077	Armenía	

078	Aserbaidsjan	
079	Kasakstan	
080	Túrkménistan	
081	Úsbekistan	
082	Tadsjikstan	
083	Kirgisistan	
091	Slóvenía	
092	Króatía	
093	Bosnía og Hersegóvína	
094	Sambandslýðveldið Júgóslavía	Serbía og Svartfjallaland
096	Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu, Makedónía	
204	Marokkó	
208	Alsír	
212	Túnis	
216	Libía	
220	Egyptaland	
224	Súdan	
228	Máritanía	
232	Mali	
236	Búrkína Fasó	
240	Níger	
244	Tsjad	
247	Grænhöfðæyjar	
248	Senegal	
252	Gambia	
257	Gínea-Bissá	
260	Gínea	
264	Sierra Leóne	
268	Libería	
272	Filabeinsströndin	
276	Gana	
280	Tógó	
284	Benín	
288	Nígería	
302	Kamerún	
306	Mið-Afríkulyðveldið	
310	Miðbaugs-Gínea	
311	Saó Tomé og Prinsípe	
314	Gabon	
318	Kongólyðveldið	
322	Alþýðulyðveldið Kongó	Fyrrum Sair
324	Rúanda	
328	Búrúndí	
329	St. Helena og hjálendur hennar	Hjálendur St. Helenu: Ascension og da Cunha-eyjar
330	Angóla	Ásamt Cabinda
334	Eþíópía	
336	Eritrea	
338	Djibútí	
342	Sómalía	
346	Kenía	
350	Úganda	
352	Tansanía	Tanganjika, Sansíbar og Pemba
355	Seychelleseyjar og hjálendur þeirra	Mahéeyjar, Silhouette, Praslin (ásamt La Digue), Frégate, Mamelles og Récifs, Bird og Denis, Plate og Coëtivy, Amíranteyjar, Alphonseeyjar, Providenceeyjar og Aldabraeyjar

357	Bresk yfirráðasvæði í Inlandshafi	Chagoseyjaklasinn
366	Mósambík	
370	Madagaskar	
373	Máritíus	Máritíus, Rodrigues, Agalega og Cargados Carajos-rif (St. Brandoneyjar)
375	Kómoreyjar	Grande Comore, Anjouan og Mohéli
377	Mayotte	Grande Terre og Pamanzi
378	Sambía	
382	Simbabve	
386	Malaví	
388	Suður-Afríka	
389	Namibía	
391	Botsvana	
393	Svasíland	
395	Lesótó	
400	Bandaríki Norður-Ameríku	Ásamt Púertó Ríkó
404	Kanada	
406	Grænland	
408	St. Pierre og Miquelon	
412	Mexíkó	
413	Bermúdaeyjar	
416	Gvatemala	
421	Belís	
424	Hondúras	Ásamt Swaneyjum
428	El Salvador	
432	Níkaragva	Ásamt Korneyjum
436	Kostaríka	
442	Panama	Ásamt fyrrum skipaskurðarsvæði
446	Anguilla	
448	Kúba	
449	St. Kristófer og Nevis	
452	Haití	
453	Bahamaeyjar	
454	Turks- og Caicoseyjar	
456	Dóminíkanska lýðveldið	
457	Bandarísku Jómfrúeyjar	
459	Antígúa og Barbúda	
460	Dóminíka	
463	Caymaneyjar	
464	Jamaíka	
465	St. Lúsía	
467	St. Vincent	Ásamt Norður-Grenadineyjum
468	Bresku Jómfrúeyjar	
469	Barbadoseyjar	
470	Montserrat	
472	Trinidad og Tóbagó	
473	Grenada Ásamt Suður-Grenadineyjum	
474	Arúba	
478	Hollensku Antillaeyjar	Curaçao, Bonaire, St. Eustatius, Saba og suðurhluti St. Martin
480	Kólumbía	
484	Venesúela	
488	Gvæana	
492	Súrínam	
500	Ekvador	Ásamt Galapagoseyjum
504	Perú	
508	Brasilía	
512	Chile	

516	Bólívía	
520	Paragvæ	
524	Úrúgvæ	
528	Argentína	
529	Falklandseyjar	
600	Kýpur	
604	Líbanon	
608	Sýrland	
612	Írak	
616	Íran	
624	Ísrael	
625	Vesturbakkinn og Gazasvæðið	Vesturbakkinn tekur til Austur-Jerúsalem
628	Jórdanía	
632	Sádi-Arabía	
636	Kúvæt	
640	Barein	
644	Katar	
647	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Abu Dhabi, Dubai, Sharjah, Ajman, Umm al Qaiwain, Ras al Khaimah og Fujairah
649	Óman	
653	Jemen	Fyrrum Norður- og Suður-Jemen
660	Afganistan	
662	Pakistan	
664	Indland	Ásamt Sikkim
666	Bangladess	
667	Maldíveyyjar	
669	Srí Lanka	
672	Nepal	
675	Bútan	
676	Mjanmar	Fyrrum Burma
680	Tailand	
684	Laos	
690	Vietnam	
696	Kambódía	
700	Indónesía	
701	Malasía	Malasíuskagi og Austur-Malasia (Sarawak, Sabah og Labúan)
703	Brúnei	
706	Singapúr	
708	Filippseyjar	
716	Mongólía	
720	Kína	
724	Norður-Kórea	
728	Suður-Kórea	
732	Japan	
736	Taívan	
740	Hong Kong	
743	Makó	
800	Ástralía	
801	Papúa Nýja Gínea	Ásamt Nýja-Bretlandi, Nýja-Írlandi, Lavongai, Admiraltyeyjum, Bougainville, Búka, Græneyjum, d'Entrecasteauxeyjum, Tróbríandeyjum, Woodlark-eyjum og Louisiade-eyjaklasanum ásamt hjálendum
802	Áströlsku Kyrrahafseyjar	Kókoseyjar (Keeling), Jólæy, Heard- og McDonaldeyjar, Norfolkseyjar

803	Náru	
804	Nýja-Sjáland	Að frátalinni Ross-hjálendunni (á Suðurskautslandi)
806	Salómonseyjar	
807	Túvalú	
809	Nýja-Kaledónía og hjálendur hennar	Hjálendur Nýju Kaledóníu: Furuey, Loyalty, Huon, Belep, Chesterfieldeyjar og Walpole-eyja
810	Bandarísku Kyrrahafseyjar	Bandaríska Samóa, Guam, smærri afskekktar bandarískar eyjar (Baker, Howland, Jarvis, Johnston, Kingman-rif, Midway, Palmyra og Varsímaeyja (Wake Island))
811	Wallis- og Fútúnaeyjar	Ásamt Alofi
812	Kíríbatí	
813	Pitcairn	Ásamt Henderson-, Ducie- og Oenoeyjum
814	Kyrrahafseyjar Nýja-Sjálands	Tokelau- og Niueeyjar; Cookeyjar
815	Fídjíeyjar	
816	Vanúatú	
817	Vínáttueyjar (Tonga)	
819	Vestur-Samóa	
820	Norður-Maríönnueyjar	
822	Franska Pólýnesia	Marquesaseyjar, Félagseyjar, Gambiereyjar, Tubuaieyjar og Tuamotueyjaklasinn; einnig Clippertoneyjar
823	Sambandsríki Mikrónesíu (Yap, Kosrae, Truk, Pohnpei)	
824	Marshallseyjar	
825	Palá	
890	Heimskautasvæði	Norðurskautssvæði sem ekki eru tilgreind eða flokkuð annars staðar; Suðurskautsland; einnig Nýja-Amsterdameyja, St. Pálseyja, Crozeteyjar, Kergueleneyjar og Bouveteyja; Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar
950	Vistir og eldsneyti	Valfrjálst
eða		
951	Vistir og eldsneyti í tengslum við verslun innan bandalagsins	Valfrjálst
952	Vistir og eldsneyti í tengslum við verslun við þriðju lönd	Valfrjálst
958	Ótilgreind lönd og yfirráðasvæði	Valfrjálst
eða		
959	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind sérstaklega í tengslum við verslun innan bandalagsins	Valfrjálst
960	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind sérstaklega í tengslum við verslun við þriðju lönd	Valfrjálst
977	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum	Valfrjálst
eða		
978	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum í tengslum við verslun innan bandalagsins	Valfrjálst
979	Lönd og yfirráðasvæði sem ekki eru tilgreind af viðskipta- eða hernaðarlegum ástæðum í tengslum við verslun við þriðju lönd	Valfrjálst

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2454/97**frá 10. desember 1997****Þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vægi liða í samræmdri vísitölu neysliverðs(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysliverðs ⁽¹⁾, einkum 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

að höfðu samráði við Peningamálastofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ber hverju aðildarríki að gefa út samræmda vísitölu neysliverðs (SVN) frá vísitölu fyrir janúar 1997 að telja.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 ⁽²⁾ er mælt fyrir um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 2494/95.

Frekari framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja samanburðarhæfni vísitalna neysliverðs og viðhalda áreiðanleika þeirra og mikilvægi í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95. Slíkar framkvæmdarráðstafanir skulu samþykktar að teknu ítrasta tilliti til rekstrarhagkvæmni, í samræmi við 13. gr. téðrar reglugerðar.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 skal uppfæra vægi liða í samræmdri vísitölu neysliverðs nægilega oft til að uppfylla kröfur um samanburðarhæfni en ekki er þörf á að kannanir á tekjum og útgjöldum fjölskyldna fari oft fram en á fimm ára fresti, nema í aðildarríkjum þar sem staðfest er að svo miklar breytingar hafi orðið á neyslumynstri að nauðsynlegt sé að kannanir fari oft fram. Þær vísitölur neysliverðs, sem vægi liða í samræmdri vísitölu neysliverðs er dregið af, eru uppfærðar óreglulega en það kann að leiða til þess að samræmdar vísitölur neysliverðs, sem byggðar eru á þeim, uppfylli ekki kröfur 4. gr. þeirrar reglugerðar um samanburðarhæfni. Nauðsynlegt er að

ákveða nothæfan mælikvarða á það hvenær skortir á samanburðarhæfni til að ljóst sé hvaða vægi beri að uppfæra til að tryggja samanburðarhæfni.

Samkvæmt 9. gr reglugerðar (EB) nr. 2494/95 skulu samræmdar vísitölur neysliverðs vera vísitölur með Laspeyres-sniði. Þegar hlutfallslegt verð mismunandi vöru og þjónustu breytist, geta útgjaldamynstur neytenda breyst í slíkum mæli að nauðsynlegt reynist að uppfæra vægi tilsvareandi útgjaldahópa, einkum magnið sem liggur þeim að baki, til að tryggja mikilvægi þeirra.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1749/96 skal samræmd vísitala neysliverðs reiknuð þannig að hún taki til verðbreytinga á vöru eða þjónustu, sem er nýlega orðin mikilvæg.

Þess er ekki krafist í þessari reglugerð að aðildarríkin láti fara fram nýjar tölfræðilegar kannanir.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að við gerð samræmdra vísitalna neysliverðs sé notað vægi sem er nægilega áreiðanlegt og á við í alþjóðlegum samanburði.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „vægisviðmiðunartímabil“ samræmdrar vísitölu neysliverðs tólf mánaða neyslu- eða útgjaldatímabil sem vægi er metið eftir við útreikning á nýjustu samræmdri vísitölu neysliverðs. Hugtakið „undirvísitölur“ er skilgreint í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2214/96 ⁽³⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB L 257, 27. 10. 1995, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 229, 10. 9. 1996, bls. 3.

(³) Stjtið. EB L 296, 21. 11. 1996, bls. 8.

3. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir vægi

1. Aðildarríki skulu gefa samræmdar vísitölur neysluverðs út mánaðarlega á grundvelli vægis er endurspeglir útgjaldamynstur neytenda á vægisviðmiðunartímabili sem lýkur í fyrsta lagi sjö árum fyrir desembermánuð næstliðins árs.
2. Aðildarríkin skulu árlega láta fara fram endurskoðun á vægi til að tryggja að það sé nægilega áreiðanlegt og uppfylli kröfuna um samanburðarhæfni sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95. Heimilt er að takmarka endurskoðunina við vægi undirvísitalna og stærstu þátta þeirra.
3. Við endurskoðunina skulu aðildarríkin kanna hvort verulegar breytingar hafi orðið frá gildandi vægisviðmiðunartímabili hvað varðar verðlagsþróun stærstu vísitölupátta í samanburði við samræmda vísitölu neysluverðs eða varanlegar markaðsbreytingar í hverjum meginflokki.
4. Ef áreiðanleg gögn sýna að breytingarnar, sem um getur í 3. mgr., hafa í för með sér breytingu á vægi sem myndi leiða til meiri breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs en sem nemur að meðaltali 0,1 prósentustigi á einu ári í samanburði við fyrra ár, skulu aðildarríkin aðlaga vægi liða í samræmdri vísitölu neysluverðs í samræmi við það. Aðildarríkjunum ber ekki skylda

til að taka tillit til neinna breytinga sem verða á tveggja ára tímabili er lýkur í desembermánuði fyrir endurskoðunina.

5. Aðildarríkin skulu koma aðlögun samkvæmt 4. mgr. í framkvæmd í síðasta lagi með vísitölu janúarmánaðar árið eftir endurskoðunina.

4. gr.

Gæðastjórnun

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té, að beiðni hennar, nægar upplýsingar um vægið sem notað er við vinnslu samræmdrar vísitölu neysluverðs, þ.m.t. vægisviðmiðunartímabilið sem notað er, niðurstöður árlegrar endurskoðunar og aðlögun sem á sér stað til að unnt sé að meta hvort farið er að þessari reglugerð.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault DE SILGUY

framkvæmdastjóri.